



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 29. maí 1986.

108. fundur

skólanefndar FS var haldinn í bóknámshúsi FS við Sunnubraut þann 15. maí 1986. Fundinn sátu: Gunnar Sveinsson; formaður, Hjálmar Árnason; skólameistari, Ingólfur Halldórsson; aðstoðar-skólameistari, Halldór Guðmundsson, Bogi Hallgrímsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðjón Kristjánsson, Eggert Ólafsson, Guðlaugur R. Guðmundsson, Kristinn Kristjánsson; fulltrúi kennara, Hafliði Sævarsson; fulltrúi nemenda og Helga Loftsdóttir, ritari.

Kl. 17:00 sátu fundarmenn fund kennarafélags FS þar sem rædd voru fargjaldamál flugliðakennara og annarra. Formaður kennarafélagsins, Egir Sigurðsson, setti fundinn en Magnús Ingvarsson flutti framsögu um fargjaldamálið. Að máli hans loknu tók formaður skólanefndar til máls og skýrði afstöðu skólanefndar. Til máls tóku einnig af hálfu kennara Kristinn Kristjánsson og Jóhannes Ágústsson, og Halldór Guðmundsson af hálfu skólanefndarmanna. Hófst síðan fundur skólanefndar.

Aður en fundur var settur bað formaður viðstadda að minnast Hreins Ásgrímssonar, fyrrum skólanefndarmanns, sem er látinn. Setti formaður síðan fund kl. 18:30.

1. Dagskrá brautskráningar og afmælishátíðar.

Skólameistari dreifði yfirliti meðal nefndarmanna um dagskrá skólaslita og tíu ára afmælishátíðar FS. Fer athöfnin fram í íþróttahúsi Keflavíkur laugardaginn 24. maí 1986 kl. 14:00.

Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, mun setja athöfnina. Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari og Hafliði Sævarsson, formaður NFS, fara með yfirlit um starf annarinnar.

Síðan verða skírteini afhent af skólameistara, verðlauna-afhending og ávörp brautskráðra, kennara og skólameistara.

Jón Böðvarsson, fyrrv. skólameistari, mun flytja ágríp af sögu skólans. Ávarp eldri nemenda verður flutt af Stefáni Jónssyni, síðan verða ávörp gesta og skólaslit.

Lúðrasveit Tónlistarskóla Keflavíkur mun leika hátíðarlög í anddyri íþróttahússins meðan gestir ganga inn og kór FS syngur lög undir stjórn Gróu Hreinsdóttur við athöfnina.

2. Húsnæðismál.

Skólameistari sagði að tillaga nýbyggingar FS hefðin mætti andstöðu ýmissa sveitarstjórnarmanna. En sú hugmynd hafi komið fram að leysa mætti brýnasta húsnæðisvandann með því að byggja við skólann í austurátt. Það yrðu átta kennslustofur alls þ.e. fjórar á hæð. Áætlaður kostnaður er 17-19 milljónir króna.

Tók skólameistari fram að einungis brýnasti vandi skólans yrði leystur með þessum framkvæmdum og mælti með því að þetta yrði fyrsti áfangi sem þó hindraði ekki þróun ef haldið yrði áfram að byggja við eða færa skólann. Samþykkti skólanefndin að tala við arkitekt hússins og biðja hann að gera uppkast að þessari tillögu.

Ljóst var að ef þetta yrði samþykkt, þá væri tæknilega séð hægt að hefja framkvæmdir í sumar ef fjármagn fengist. Þá samþykkti skólanefnd bréf til menntamálaráðherra með beiðni um heimild til að hefja strax framkvæmdir við áðurnefnda viðbyggingu.

3. Fjárlagagerð fyrir árið 1987.

Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, gerði grein fyrir tillögu að fjárlagagerð FS 1987, eftir að henni hafði verið dreift meðal nefndarmanna. Sagði hann sama form vera á fjárlagagerðinni og undanfarin ár, en þar er farið fram á 19 millj. króna til viðbyggingar. Jafnframt væri óskað heimilda á viðbyggingu þessari og tekið fram að um ódýrustu lausn á húsnæðisvanda skólans væri að ræða.

Skólameistari vakti athygli nefndarmanna á að í liði A er farið fram á 3.2 millj. króna til eignarkaupa. Sagði hann þessa upphæð svo háa, vegna þess að á yfirstandandi ári var ekki gert ráð fyrir einni einustu krónu til eignarkaupa af hálfu ríkisins. Þessu hafi verið mótmælt ítrekað við ýmsa starfsmenn menntamálaráðuneytisins. Sagði skólameistari greiðsluáætlun hafa verið ranga frá upphafi þessa árs og afleiðingar þess sú að skólinn stendur ekki í skilum við viðskiptaaðila.

1. The first part of the document is a letter from the President of the United States to the Congress, dated January 1, 1863. It is a very important document, as it contains the President's message to Congress for the first time since the beginning of the Civil War.

2. The second part of the document is a letter from the Secretary of the War Department to the Secretary of the Navy, dated January 1, 1863. It is a very important document, as it contains the Secretary of the War Department's message to the Secretary of the Navy for the first time since the beginning of the Civil War.

3. The third part of the document is a letter from the Secretary of the War Department to the Secretary of the Navy, dated January 1, 1863. It is a very important document, as it contains the Secretary of the War Department's message to the Secretary of the Navy for the first time since the beginning of the Civil War.

4. The fourth part of the document is a letter from the Secretary of the War Department to the Secretary of the Navy, dated January 1, 1863. It is a very important document, as it contains the Secretary of the War Department's message to the Secretary of the Navy for the first time since the beginning of the Civil War.

5. The fifth part of the document is a letter from the Secretary of the War Department to the Secretary of the Navy, dated January 1, 1863. It is a very important document, as it contains the Secretary of the War Department's message to the Secretary of the Navy for the first time since the beginning of the Civil War.

6. The sixth part of the document is a letter from the Secretary of the War Department to the Secretary of the Navy, dated January 1, 1863. It is a very important document, as it contains the Secretary of the War Department's message to the Secretary of the Navy for the first time since the beginning of the Civil War.

Skuldir FS eru nú um 1.3 millj. króna, en það samsvari nokkurn veginn þeirri upphæð er FS á inni hjá ríkinu vegna rekstrar. Eftir nokkrar umræður bar formaður þessar tillögur undir fundinn og voru þær samþykktar samhljóða.

4. Kennararáðningar.

Skólameistari sagði Sumarrós Sigurðardóttur hafa óskað eftir endurráðningu. Mælti hann eindregið með þessari ósk og var það samþykkt samhljóða af skólanefnd.

5. Staða ritara FS.

Skólameistari upplýsti að Helga Loftsdóttir, sem hefur starfað sem ritari FS frá áramótum 84-85, muni láta af störfum frá og með 1. júlí 1986. Færði skólameistari Helgu þakkir fyrir ósérhlífni og sérstakan dugnað í starfi. Samþykkt var að auglýsa stöðuna frá og með 1. ágúst 1986.

6. Bréf frá kennarafélagi FS.

Tekin voru fyrir tvö bréf frá kennarafélagi FS varðandi fargjaldamál flugliðakennara og annarra.

Hið fyrra var greinargerð dagsett 18. apríl 1986. Las formaður upp fyrir fundinn greinargerð um rekstur flugliðabrautar FS sem svar við bréfi kennara, undirritað af undirnefnd skólanefndar til bæjarstjórnar Keflavíkur.

Síðan var seinna bréfið frá kennurum FS tekið fyrir. Las formaður úr því fyrir fundarmenn. Í því komu fram þrjár kröfur kennara:

Í fyrsta lagi að fargjaldastyrkur verði greiddur kennurum skólans sem búa utan Keflavíkur og Njarðvíkur. Styrkur þessi miðist við gjaldskrá SBK á hverjum tíma. Greitt verði fyrir eina ferð fram og til baka á dag þá daga sem kennarar kennir á viku hverri í 18 vikur á önn. Greitt verði frá og með skólaárinu 1985-1986.

Í öðru lagi að allir kennarar við FS sitji við sama borð og fái yfirborgun sem nemur þeirri upphæð er kennarar við sérgræðnar flugbrautar hafa fengið hingað til

... ..
... ..
... ..

... ..
... ..
... ..

... ..
... ..
... ..
... ..

... ..
... ..
... ..
... ..

... ..
... ..
... ..
... ..
... ..
... ..
... ..

... ..
... ..
... ..

(1170 kr. fyrir hvern dag sem kennari kennir á viku hverri í 18 vikur á önn). Enginn greinarmunur sé gerður á venjulegum kennara við hinar ýmsu brautir FS og á kennurum sérgreina flugbrautar.

Í þriðja lagi að skólanefnd FS beiti sér fyrir því við skólanefndir grunnskóla svæðisins að settar verði sameiginlegar reglur um ferða- og/eða búsetustyrk kennara á báðum skólastigum.

Þá bar formaður upp tillögu um að SSS samræmdi reglur við alla skóla á Suðurnesjum um greiðslu akstursstyrk til kennara sem búa utan Suðurnesja.

Nokkrar umræður urðu um málið. Guðjón Kristjánsson tók fram að hann væri vanbúinn til að taka afstöðu til þessa mála vegna ónógra upplýsinga. Formaður upplýsti að flugmálastjóri hefði áhyggjur af þessum málum og jafnvel kæmi til greina að flugmálastjórn greiddi títtnefnd fargjöld í framtíðinni. Væri þar með ný stefna tekin og yrði það skólanum og skólanefnd óviðkomandi.

Eftir þó nokkrar umræður samþykkti skólanefnd samhljóða eftirfarandi tillögu:

Vegna bréfs kennarafélags FS frá 7. maí, samþykkir skólanefnd eftirfarandi: Þar sem kjörtímabili nefndarinnar er að ljúka telur nefndin sér ekki fært að taka afstöðu til 1. og 2. liðs í kröfum kennara, en gagnvart þriðja lið er nefndin sammála um að fara þess á leit við stjórn SSS að hún hlutist til um að samræmdar verði og settar reglur um ferða- og eða búsetustyrki, þannig að ekki verði gerður greinarmunur á kennurum eftir skólastigum eða námsbrautum.

7. Önnur mál.

a) Skólameistari sagðist hafa fengið bréf frá Hauki Inga Haukssyni þar sem hann býðst til að taka upp á myndband brautskráninguna þann 24. maí 1986. Var þetta samþykkt samhljóða af skólanefnd og skólameistara falið að semja við Hauk um verð.

b) Skólameistari afhenti formanni greinargerð frá einum kennara FS. Er þessi kennari búsettur í Reykjavík og kennir fjölmiðlun við FS. Fer hann í bréfi sínu fram á sama ferðastyrk


og flugliðakennarar á þeim forsendum að kennsla í fjölmíðlun sé sérnám.

Skólanefnd var sammála um að hafnaabðiðni þessari með tilvísun í fyrri afgreiðslu um fargjaldastyrk.


Áður en fundi var slitið lýsti skólameistari yfir áhyggjum sínum vegna andrúmsloftsins í skólanum. Taldi hann það orðið leiðinlegt í kjölfar þessa máls þ.e. ferðastyrkjanna. Sagði hann hafa verið stigið ánægjulegt skref í samkomulagsátt á þessum fundi og vonar að andrúmsloftið hreinsist. Tók formaður undir þessi orð skólameistara.

Fléira ekki gert.

Þakkaði formaður mönnum fundarsetu og sleit fundi kl. 21:00.



Gunnar Sveinsson,
formaður skólanefndar F.S.



Helga Loftsdóttir,
ritari.

Keflavík 14. maí 1986

Nokkrar staðreyndir um rekstrarkostnað við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

A. Af skrifstofu skólans hafa verið greiddar um 6 milljónir króna vegna rekstrar frá 1. janúar til 10. maí. Hér er um óhjákvæmilegan kostnað að ræða. Annars hefur verið í gildi innkaupabann við skólann frá því um miðjan febrúar svogeðslegt sem það er.

Samkvæmt helmingareglu ætti ríkissjóður að hafa greitt um 3 milljónir króna af áðurnefndri upphæð. Staðreyndin er önnur eða litlar krónur 1.630.000. Þetta þýðir að skólinn ætti að fá til viðbótar þegar í stað 1.370.00 kr. Ætli tilviljun ráði því að sú upphæð samsvarar nokkurn veginn því sem skólinn skuldar viðskiptaaðilum sínum? Hvað sem um þolinmæði okkar skólamanna má segja er alltént ljóst að þessir sömu viðskiptaaðilar hafa margir hverjir fullreynt þolrif sín.

Með bréfi þessu er aðeins beðið um að ríkissjóður eða það flókna bákn sem skapast hefur um fjárreiður hans greiði til skólans það sem honum ber samkvæmt samningi um rekstur skólans.

Þórunn Árnadóttir

Stjóri menntamálaáðila 14.5.-86



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 4. maí 1985

Bæjarstjórn Keflavíkur
b/t Steinþórs Júlíussónar
230 Keflavík

Herra bæjarstjóri.

Vísað er til bréfs yðar, dagsett 23. apríl 1986, og yður send
hjálgð greinargerð um rekstur flugliðabrautar Fjölbrautaskóla
Suðurnesja.

Virðingarfyllst,

f.h. skólanefndar FS

Gunnar Sveinsson, formaður.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Greinargerð um rekstur flugliðabrautar FS.

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur verið beðin um greinargerð vegna rekstrar flugliðabrautar. Fylgir hún hér á eftir:

Með bréfi, dagsettu 30. nóvember 1977, heimilaði þáverandi menntamálaráðherra rekstur flugliðanámsbrautar við FS, hina fyrstu og einu sinnar tegundar hér á landi. Brautin tók svo formlega til starfa í janúar 1978 og hefur verið starfrækt síðan. Nám á flugliðabraut tekur tvær annir. Kennarar eru bóklegar greinar til atvinnu-prófs flugmanna. Verklega þáttinn verða nemendur sér sjálfir úti um utan skólans.

Frumkvöðull að stofnun brautarinnar var þáverandi flugmálastjóri, Agnar Kofod Hansen. Leitaði hann til Jóns Böðvarssonar, þáverandi skólameistara FS, og óskaði eftir því að FS annaðist rekstur brautarinnar. Skólanefnd og skólameistari tóku erindi flugmálastjóra vel og litu svo á að með þessu væri skólanum sýndur ánægju-legur sómi.

Námsbrautin var sett upp eftir staðli Aljóðaflug-málastofnunar og var haft náið samráð við Dansk Luft-fartskole í Kaupmannahöfn.

Stundafjöldi á viku hefur lengst af verið 44,5 stundir er skiptast milli 7-8 kennara og eru þar deildar-stjórastundir taldar með. Námsgreinar eru mjög sérhæfðar. Kennarar á brautinni eru allir sérmenntaðir hver á sínu sviði þó ekki sjáist það á niðurröðun þeirra í launaflokka. Allir starfa þeir að flugmálum utan hvað einn starfar sem verðurfræðingur á Veðurstofu Íslands (tengist vitan-lega flugmálum óbeint). Kennsla þeirra allra er aukastarf, unnið með aðalstarfi, sem er utan skólans. Enda er raunin sú að stundaskrárgerð er aldrei samin til heillar annar í einu heldur verður að aðlaga hana leyfisdögum kennaranna frá aðalstörfum. Af sömu ástæðu kennir yfirleitt aðeins einn kennari á degi hverjum frá kl. 8:15 og fram yfir hádegi og hefur því aðeins 6 stundir að meðaltali á viku og ekkert útlit fyrir aukningu. Laun kennaranna á s.l. ári skiptust með þeim hætti sem tilgreint er á fylgiblaði nr. A.

Flestir eru kennarar flugliðabrautar búsettir á höfuðborgarsvæðinu og sækja kennsluna þaðan. Fljótlega eftir að kennsla hófst á brautinni komu fram ábendingar um að ferðakostnaður kennara væri óeðlilega stórt hlut-fall að launum þeim sem þeir fengu greidd. (Rétt er að geta þess að ríkissjóður greiðir öll laun flugliðakennara sem og annarra). Í framhaldi að því varð það niðurstaða Agnars Kofod Hansen og Jóns Böðvarssonar að leita til samgöngumálaráðuneytisins um lausn á máli þessu. Leitað var til samgöngumálaráðuneytisins þar ~~með~~ **embætti** flug-


málastjóra heyrir þar undir. Afgreiðsla málsins varð sú að málinu var vísað til menntamálaráðuneytisins og með bréfi frá árinu 1981 ákvað þáverandi menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, að ríkissjóður greiddi ferðakostnað kennara að hálfu eins og annan rekstrarkostnað FS. Hefur sá háttur síðan verið hafður á, þ.e. fjármálastjóri skólans leggur út fé fyrir ferðakostnaði flugliðakennara en dæmið síðan gert upp í árlegu uppgjöri skólans við menntamálaráðuneytið. Greiðslur nema einni ferð fram og til baka hvern kennsludag miðað við kílómetragjald. Á fylgiskjali, merktu B, má sjá hverjar greiðslur þessar hafa verið. Hlutur sveitarfélaga er samkvæmt þessu um 40.000,- kr. á ári. Um önnur friðindi er ekki að ræða þar sem óbein kennsla er mun meiri á flugliðabraut en í almenntri kennslu.


Skólanefnd hefur alla tíð verið þeirrar skoðunar að flugliðabraut eigi heima innnað FS. Hún ber merki fram-sækinna skólastefnu, auk þess sem hún eykur hróður skólans og Suðurnesjabúa út á við. Þá má til sanns vegar færa að brautin færi skólanum tekjur, bæði beinar og óbeinar. Lausleg úttekt menntamálaráðuneytisins sýnir að meðalkostnaður af hverjum nemenda við FS nam frá miðju ári 1984 til miðs árs 1985 kr. 42.000,- meðan meðalkostnaður af hverjum flugliðanema á sama tíma nam um kr. 26.000,-. Skólinn fær hins vegar fullan kennslukvóta fyrir hvern flugliðanema. Fyrir vikið verður heildarkvóti skólans hagstæðari svo sem ofangreindar tölur bera með sér. Þá hefur SSS falið skólanum að innheimta námsvistar-gjöld af þeim flugliðanemum sem lögheimili eiga utan Suðurnesja. Þessu fé fær skólinn að halda gegn því að leggja út fyrir sambærilegum gjöldum Suðurnesjabúa sem stunda iðnnám í Reykjavík.


Skólanefnd hefur verið einörðuð í þeirri skoðun sinni að fastir kennarar við skólann fái ekki greiddan ferðastyrk. Að baki þeirri skoðun liggur m.a. sá vilji að kennarar hafi fasta búsetu á Suðurnesjum, frekar af menningarlegum ástæðum en peningalegum. Við ítrekum hins vegar að sömu forsendur gilda ekki um kennara af flugliðabraut þar sem þeir hafa allir annað fast starf og engar líkur á að kennsla verði aðalstarf þeirra. Þá eru kennslustundir þeirra við skólann svo fáar að varla er verjandi annað en greiða þeim ferðastyrk sé ætlunin að halda uppi kennslu á flugliðabraut. Til þess er fullur vilji sem áður sagði.

Pétur Einarsson, núverandi flugmálastjóri, hefur lýst sig sömu skoðunar og telur koma til greina að embætti hans greiði títtnefnd fargjöld í framtíðinni, telji sveitarfélög á Suðurnesjum sig ekki þess umkomin

Skólanefndarmenn bera allir ugg í brjósti vegna kjaramála kennara og styðja heils hugar að þau kjör megi batna. Jafnframt er þess óskað að þau rök, sem hér hefur verið telft fram, verði virt svo flugliðabraut fái áfram dafnað, skólanum og Suðurnesjum til sóma.


Gunnar Sveinsson,
formaður skólanefndar.


Halldór Guðmundsson
varaformaður skn.


Bogi Hallgrímsson,
ritari.

F Y L G I S K J A L A.

Laun flugliðakennara árið 1985:

Merkt 163 í launaskrá, m. orl.:

Haraldur Baldursson	82.677
Hjálmar Diegó	149.150
Ottó Tynes	90.131
Runólfur Sigurðsson	84.714
Unnur Ólafsdóttir	101.673
Magnús Pétursson	24.006
Þorgeir Magnússon	<u>69.970</u>
	<u>602.321</u>

Þessi laun eru greidd úr ríkissjóði,
aukavinna engin, sem annars félli
að hálfu á sveitarfélögin.

F Y L G I S K J A L B.

Greitt flugnámsbrautarkennurum beint af skólanum:

Árið	1980	kr.	128.187
"	1981	kr.	55.033
"	1982	kr.	74.149
"	1983	kr.	81.230
"	1984	kr.	139.410
"	1985	kr.	135.344

Af þessu hefur ríkissjóður greitt helming
skv. sérstökum samningi.